

greiða hæfilega upphæð sem málskots-kostnað til áfrýjanda, og ákveðst hún 50 kr. — Þar sem umboðsmaður hinna stefndu hefur krafizt þess, að nokkur ummæli umboðsmanns áfrýjanda í málssóknarskjölunum verði dæmd ómerk, og málsfærslumaðurinn sektaður fyrir þau, þá þykir verða að taka þessa kröfu til greína þannig, að umyrðið „hatursmál“ verði dæmt ómerkt; þó virðist eptir öllum málavöxtum ekki ástæða til að sekta málsfærslumanninn fyrir að hafa viðhaft þetta orð í sóknarskjali sínu, og hin önnur tilgreindu ummæli þykir eigi ástæða til að ómerkja.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Guðmundur Sigurbjartsson, á að greiða áfrýjanda, Bjarna Bjarnasyni, 120 krónur, og í málskostnað fyrir yfirdómi 50 krónur. Hinn stefndi, sýslumaður Lárus Blöndal, á að vera sýkn fyrir kröfum áfrýjanda í máli þessu, og á áfrýjandi að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr. Orðið „hatursmál“ í sóknarskjali áfrýjanda á að vera ómerkt.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maímán.

Nr. 14/1888.

Hið opinbera
gegn

Jóni Laxdal Gíslasyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu,

gengnum 21. júlí f. á., var hinn kærði, Jón Laxdal Gíslason, dæmdur fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt 9. júnímán. 1885 til þess að greiða 85 kr. sekt, er að hálfu skyldi renna í hlutaðeigandi hreppsjóð, en að hálfu til tilsjónarmanna. Svo var hann og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Dómi þessum er að beiðni hins kærða skotið til landsyfirdómsins.

Hinn kærði hefur játað, að hann kringum miðjan apríl f. á. hafi þrjár umvitjanir átt þorskanet liggjandi utan línu þeirrar, sem nefnd samþykkt 9. júní 1885 bannar að leggja þorskanet fyrir utan. Hefur hann borið, að veður hafi upphaflega hrakið netin út yfir línuna, og stormur hafi 3 umvitjanir verið því til fyrirstöðu, að hann flytti netin inn fyrir línuna. Það verður þó að álíta nægilega sannað, að hann við þriðju umvitjun, 15. apríl f. á., gat flutt netin inn fyrir línuna, eða að minnsta kosti haft þau með í land. Þá hefur hann og játað, að hann 27. marz f. á. hafi lagt að minnsta kosti helming neta sinna fyrir utan hina ákveðnu línu, eins og að hann opt í fyrra vetur hafi lagt þau þannig, að meiri eða minni hluti þeirra hafi legið utan línu, og kveðst hann hafa haldið, að slíkt mundi leyfilegt, ef hann að eins byrjaði að leggja innan línu; en þessi skoðun ríður að öllu leyti í bága við ljós fyrirmæli samþykktarinnar.

Hinn kærði hefur þannig brotið gegn opt-nefndri fiskiveiðasamþykkt, og hlýtur því samkvæmt henni að sæta sekt, er þykir hæfilega ákveðin 60 kr., er renni að hálfu í sjóð Rosmhvalaneshrepps, en að hálfu til tilsjónarmanna; og með því að yfir-

dómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann með þeirri breytingu á sektarupphæðinni, sem áður segir. Svo ber hinum kærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 8 kr. til hvors þeirra.

Á rekstri málsins í hjerði hefur orðið allmikill dráttur; það var tekið undir dóm 21. maímán f. á., dæmt 21. júlímán. sama ár, dómurinn var eigi birtur ákærða fyr en 10. jan. þ. á., og áfrýjunarstefna var síðan út gefin 21. febr. næst á eptir. Þótt undirdómarinn hafi eigi rjettlætt þennan drátt á málinu, þykir þó eptir atvikum málsins eigi fullnæg ástæða til að láta hann sæta ábyrgð fyrir. Flutningur málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað, þó þannig að sekt hins kærða, Jóns Laxdals Gíslasonar, færist niður í 60 krónur. Svo greiði hann og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 8 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, eða sæti hinn kærði aðför að lögum.